**Nd. 577. Breytingartillögur [251. mál]**

við frv. til l. um ráðstöfun gengismunar í þágu sjávarútvegsins skv. lögum nr. 2/1975 og um ráðstafanir vegna hækkunar brennsluolíuverðs til fiskiskipa.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr., a-lið. Liðurinn orðist svo:
   Til lífeyrissjóða sjómanna til þess að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur til sjómanna og aðrar tryggingabætur 75 m.kr.
2. Við ákvæði til bráðabirgða.
   a. Nýr liður, sem verði nr. 4.
      Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd er á árinu 1975.
   b. Nýr liður, sem verði nr. 5.
      Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ. á m. af þurrkuðum saltufsa.